

## ÚRSKURÐUR

Úrskurðar-og aganefnd Landssambands hestamannafélaga, mál nr. 3/2024.

Úrskurðar-og aganefnd Landssambands hestamannafélaga, hér eftir nefnd aganefnd, kom saman þann 26.09.2024, til að fjalla um og úrskurða í máli sem barst nefndinni frá stjórn Landssambands hestamannafélaga, hér eftir nefnt LH, með tölvupósti þann 12. september. Í aganefnd sem úrskurðar í þessu máli eiga sæti, Sveinbjörn Sveinbjörnsson, settur formaður, Þorvaldur Sigurðsson, settur nefndarmaður og Gísli Guðmundsson, varamaður í aganefnd, en aganefnd LH hafði talið sig vanhæfa til að fjalla um málið.

Í tölvupósti til aganefndar frá Berglindi Karlsdóttur, framkvæmdastjóra LH kemur eftirfarandi fram:  
“Í viðhengi er afrit af kæru sem barst yfirdómara á gæðingamóti Harðar – ásamt fjölda viðhengja.

Einnig er í viðhengi mótsskýrsla mótsins.

Kærar er stíluð á Landssamband Hestamannafélaga þannig að yfirdómara mótsins fannst eðlilegt að hún færi til keppnisnefndar til umfjöllunar.

Forsaga málsins er sú að knapinn hafði samband við skrifstofu LH, og óskaði eftir leiðréttingu á félagi sem hún keppir fyrir þar sem hún hefði óvart skráð sig sem keppanda Fáks á tveimur móturnum fyrr í veturn, en hún hefur stundað hestamennsku á félagssvæði Harðar í veturn. Skrifstofa ákvað að verða við þessari beiðni, enda um opin móti að ræða sem hún keppti á, og mörg fordæmi um svona leiðréttigar þar sem allmikið er um að knapar skrái sig á opinn móti fyrir rangt félag, séu þeir í tveimur félögum.

Kærendur höfðu samband við skrifstofu LH áður en mótið hófst og gerðu athugasemdir við þátttöku keppanda í ungmennaflokkni þar sem hún hefði tekið þátt í tveimur móturnum á árinu fyrir annað félag en Hörð. Skrifstofa sendi málið til keppnisnefndar áður en mótið hefst og sá keppnisnefnd ekki ástæðu til að gera athugasemdir við þátttöku hennar á mótinu.

Formleg kæra er svo lögð fram að lokinni seinni úrtöku, á gæðingamóti Harðar, sjá meðfylgjandi gögn.

Keppnisnefnd hefur nú vísað málinu frá sér, á þeim forsendum að nefndin hafi þegar fjallað um málið, hún sé einungis stjórn til ráðgjafar en hafi ekki úrskurðarvald og taki ekki á móti kærum.

Stjórn LH vísar málinu til úrskurðar- og aganefndar LH.”

Fylgiskjöl sem bárust með erindinu til aganefndar eru sem hér greinir:

1. Afrit af kæru.
2. Skjámynd varðandi Tolumót Harðar, 3. apríl.
3. Skjámynd varðandi sama móti.
4. Skjámynd varðandi Kvennatölt Spretts.
5. Skjámynd varðandi sama móti, ráslistar.
6. Skjámynd varðandi sama móti, niðurstöður.

HS  
BS

7. Skjámynd varðandi sama mótt, niðurstöður.
8. Skjámynd varðandi sama mótt er varðar skráningu.
9. Skjámynd varðandi viðtal á Eiðfaxa.
10. Mótsskýrsla varðandi úrtöku og gæðingamót Harðar 5. júní.
11. Mótsskýrsla varðandi úrtöku og gæðingamót Harðar 8. og 9. Júní.

Í kærunni sem er dags. 07.06.2024, kemur fram að kærendur séu Helga Stefánsdóttir, Aníta Eik Kjartansdóttir og Viktoría Von Ragnarsdóttir og kærða sé Hildur Ösp Vignisdóttir.

**Dómkröfur** eru sem hér greinir:

*“Að keppnisárangur Hildar Aspar sé gerður ógildur og hún dæmd úr keppni á úrtökumóti Harðar fyrir Landsmót 2024, þ.e. bæði fyrri umferð sem haldin var 5. júní 2024 og Gæðingamóti Harðar haldið dagana 8. og 9. júní.”*

*“Viljum við að málið fái flýtiafgreiðslu þar sem skráningarfrestur á Landsmót er 17. júní, og viljum við að löglegir Harðarfélagar keppi fyrir hönd hestamannafélagsins Harðar.”*

**Málavöxtum** er þannig lýst í kæru að kærða, knapi í B flokki ungmenna, hafi skráð sig í úrtöku fyrir Hörð. Hún hafi á þessu ári keppt fyrir Fák á a.m.k. tveimur móttum í veturn, Kvennatölti Spretts, 13. apríl og Tolumóti Harðar, 21. janúar. Telja kærendur það ekki í samræmi við reglur LH og að ekki sé um greinileg mistök að ræða við skráningu.

Í **lagarökum** er vísað til reglugerðar um mótaðal á Íslandi, 2. mgr. 2. gr. þar sem fram kemur að keppandi geti aðeins tekið þátt í íþróttamóti/gæðingakeppni í nafni eins félags á sama keppnistímabili. Þá er vísað til 5. mgr. 5. gr. reglugerðar um Landsmót og fjórðungsmót er varðar val hrossa og keppenda.

#### **Niðurstaða.**

Miðað við fyrirliggjandi gögn verður ekki annað séð en kærða hafi keppt sem félagi í Hestamannafélaginu Fáki á tveimur innanhússmótum s.l veturn, Tolumóti Harðar 21. janúar og Kvennatölti Spretts, 13. apríl. Þá liggur fyrir að hún keppti sem félagi í Hestamannafélaginu Herði á gæðinga- og úrtökumóttum þess félags sem haldin voru 5. júní, fyrri umferð og 8. og 9. júní, seinni umferð. Verður ekki annað séð en þetta sé brot á reglugerð um mótaðal á Íslandi, grein 2., þáttöku- og keppendareglur, en í 2. mgr. þeirrar greinar segir að keppandi geti “aðeins tekið þátt í íþróttamóti/gæðingakeppni í nafni eins félags á sama keppnistímabili.” Breytir hér engu þó svo mótt þau sem kærða keppti á sem Fáksfélagi hafi verið innanhússmót þar sem í grein 5.5 framangreindrar reglugerðar segir að almennt gildi sömu reglur um þau mótt og mótt utanhúss, með tilteknum undantekningum. Er í þeim undantekningum ekki að finna nein ákvæði er varðar félagsaöld keppenda og hljóta því ákvæði 2. mgr. 2. gr. að taka til þeirra keppna. Þá liggur ekkert haldbært fyrir í málínu þess efnis að kærða hafi verið ranglega skráð í keppni sem Fáksfélagi á þeim tveimur móttum sem að framan greinir.

Með hliðsjón af framanrituðu er það niðurstaða aganefndar að kærðu hafi verið óheimilt að taka þátt í gæðinga- og úrtökumóttum Harðar en þar sem mótaskýrslur, sem voru gerðar fyrir hvort mótt, bera ekki með sér að kæra hafi komið fram fyrr en á síðara mótinu er kæru varðandi þáttöku kærðu á

þ  
þ

því fyrra vísað frá aganefnd með vísan til þess að hún sé of seint fram komin, sbr. ákvæði 4.3 greinar reglugerðar um mótaðald á Íslandi, er varðar störf úrskurðar- og aganefndar.

Niðurstaða úrskurðar- og aganefndar Landssambands hestamannafélaga í úrskurði þessum er kæranleg til dómstóls ÍSÍ.

#### ÚRSKURÐARORÐ

Hildi Ösp Vignisdóttur var óheimilt að taka þátt í seinna gæðinga- og útökumóti Harðar, sem haldið var 8. og 9. júní 2024, með vísan til 2. mgr. 2. gr. reglugerðar um mótaðald á Íslandi og skal árangur hennar á mótinu felldur úr gildi.


Vísað er frá kæru varðandi þáttöku Hildar Aspar Vignisdóttur á fyrra gæðinga- og útökumóti Harðar, sem haldið var 5. júní 2024.

Reykjavík, 26.09.2024



Sveinbjörn Sveinbjörnsson, formaður

Gísli Guðmundsson



Þorvaldur Sigurðsson